



340. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, þriðjudaginn 16. maí 2023 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir, Hafsteinn Pálsson, Elsa Nielsen, Garðar Svansson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Kári Mímisson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Olga Bjarnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson og Andri Stefánsson framkvæmdastjóri.

Á Teams: Daníel Jakobsson, Hjördís Guðmundsdóttir, Hörður Þorsteinsson og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri.

Dagskrá:

Forseti setti fund, bauð nýliða í framkvæmdastjórn ÍSÍ hjartanlega velkomna og færði þeim að gjöf minnisbók og gyllt ÍSÍ barmmerki sem einungis framkvæmdastjórnarfolk og æðstu stjórnendur ÍSÍ bera.

1. Samantekt frá skrifstofu

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni skrifstofu ÍSÍ. Unnið er að frágangi ýmissa mála eftir Íþróttapíngið, Hjólað í vinnuna er í fullum gangi og undirbúningur fyrir Smáþjóðaleikana stendur sem hæst. Vésteinn hóf störf í byrjun maí og er kominn á fullt að funda með sérsamböndum.

Andri skýrði frá áhyggjum KSÍ um öryggi knattspyrnudómara í kjölfar alvarlegra hótana í garð dómara nú nýverið.

Margvísleg álitamál koma inn á borð skrifstofu ÍSÍ í hverri viku, aðallega símleiðis, og hefur fjöldi mála og fjölbreytileiki aukist mikið undanfarin misseri.

2. 76. Íþróttapíng ÍSÍ

Fyrir fundinum lá samantekt um samþykktir þingsins.

Forseti fór yfir píngið, sem tókst mjög vel. Lýsti hann yfir ánægju sinni með gott jafnvægi í kynjahlutföllum í stjórninni. Framlagðar tillögur voru allar samþykktar á þinginu, fyrir utan eina breytingu á lögum ÍSÍ. Góður stuðningur hlaut við mörg mikilvæg mál sem lögð voru fyrir þingið og varða áherslur í starfi næstu misserin. Taldi forseti að fundir með sambandsaðilum og kynning á framlögðum tillögum í aðdraganda þingsins hafi skipt sköpum varðandi samstöðu þingsins gagnvart þeim málum er þar voru tekin til afgreiðslu.

Ýmis málefni rædd, sem urðu til í þingnefndum þingsins, meðal annars um embætti samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs, málefni er varða heilindi í íþróttum, aukinn stuðning við starf sérsambanda, gagnsæi í styrkveitingum og fleiri þætti er varða íþróttastarfið í landinu og starfsemi ÍSÍ.

Forseti sagði marga af þessum þáttum þegar vera í skoðun, til að mynda með endurskoðun reglna um Afrekssjóð, breytingum sem fyrirhugaðar eru ef samkomulag næst um opnun starfsstöðva ÍSÍ og UMFÍ á landsvísu og öðrum úrræðum sem þegar eru komnar á umræðustig.

3. Skipan í embætti, ráð og nefndir

Forseti skýrði undirbúning að skipan nefnda, ráða og vinnuhópa ÍSí. Hann minnti á Teams vinnusvæði stjórnar þar sem fundargögn eru geymd ásamt gagnlegum upplýsingum er varða stjórnarstarfið.

Farið var yfir niðurstöður kosninga og var samþykkt að birta niðurstöðutölurnar í þinggerð þingsins, til upplýsingar.

Forseti skýrði frá því að hann væri búinn að ræða við alla meðlimi framkvæmdastjórnar og væru eftirfarandi tillögur að skipan í embætti framkvæmdastjórnar sem og í nefndir og ráð byggðar á þeim samtölum.

Eftirfarandi skipan í embætti stjórnar samþykkt:

Pórey Edda Elísdóttir, 1. varaforseti

Olga Bjarnadóttir, 2. varaforseti

Hörður Þorsteinsson, gjaldkeri

Viðar Garðarsson gerði athugasemd við skipan tveggja kvenna í embætti 1. og 2. varaforseta ÍSí. Forseti skýrði frá því að valið í embætti varaforseta byggist meðal annars niðurstöðum kosninga og eins telji hann mikilvægt að framkvæmdaráð, sem skipað er embættisfólki stjórnar, endurspegli jöfn kynjahlutföll.

Forseti fór yfir niðurröðun stjórnarfólks í nefndir og ráð, sem unnin hefur verið í samráði við stjórn. Ekki er búið að fullmanna nefndir og ráð og verður málið aftur á dagskrá á næsta fundi framkvæmdastjórnar, þar sem vonandi verður hægt að staðfesta skipan þeirra. Forseti sagði að líkt og áður yrði allt stjórnarfólk virkjað í starfinu og í nefndum og ráðum.

Almennar umræður urðu um ofangreint, stefnumótun fyrirbyggjandi starfstímabils stjórnar, helstu málaflokka, skipulagsmál og mikilvægi samstöðu stjórnar og starfsfólks.

4. Smáþjóðaleikar ÍSí

Forseti skýrði frá fundum sem hann og framkvæmdastjóri áttu í tengslum við 43. EOC Seminar í París. Fundað var með sendiráði Íslands í París, varðandi undirbúning Ólympíuleikanna 2024 og einnig var fundað með forsvarsmönnum smáþjóða (GSSE). Ýmsir hnökrar hafa verið á skipulagningu Smáþjóðaleikanna, af hálfu Ólympíunefndar Möltu. Skipuleggjendur leikanna hafa meðal annars ekki sinnt því að uppfylla kröfur varðandi sundkeppnina þannig að keppendur geti náð lágmörkum inn á stórmót. Með því dregur verulega úr mikilvægi þessara leika fyrir keppendur í sundi. Þetta gengur einnig þvert á þær ákvarðanir sem teknar hafa verið á fundum GSSE síðustu misserin um að efla leikana.

Tillaga um íslenska hópinn var lögð fram og samþykkt samhljóða. ÍSí sendir keppendur í átta íþróttagreinum (sjá nafnalista aftast í fundargerðinni):

- Borðtennis – fjórir keppendur
- Frjálsíþróttir – 15 keppendur
- Júdo – 10 keppendur

- Siglingar – fimm keppendur
- Skotíþróttir – átta keppendur
- Skvass – fimm keppendur
- Sund – 21 keppandi
- Tennis – fjórir keppendur

Að auki fara þjálfarar og flokksstjórar með öllum íþróttum, heilbrigðisteymi og fararstjórnarteymi frá ÍSí. Allt í allt telur íslenski hópurinn 110 manns. Aðalfararstjóri verður Brynja Guðjónsdóttir.

Af hálfu stjórnar munu eftirtaldir sækja leikana:

Lárus L. Blöndal forseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti og meðlimur í tækninefnd leikanna, Hafsteinn Pálsson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir og Úlfur Helgi Hróbjartsson.

Að auki sækir Andri Stefánsson framkvæmdastjóri fyrri hluta leikanna og Líney Rut Halldórsdóttir sækir leikana sem fulltrúi stjórnar Evrópusambands Ólympíunefnda (EOC).

Í tengslum við leikana verður haldinn fundur ráðherra smáþjóðanna og aðalfundur GSSE samtakanna. Ásmundur Einar Daðason mennta- og barnamálaráðherra mun sækja ráðherrafundinn og ráðherra og hans föruneysi munu einnig verða viðstödd setningu leikanna og viðburði fyrstu keppnisdagana.

Aðalfundur GSSE sækja forseti, 2. varaforseti og framkvæmdastjóri.

5. Evrópuleikar

Framkvæmdastjóri vísaði í minnisblað varðandi Evrópuleikana, sem liggur fyrir fundinum. Leikarnir fara fram 21. júní til 2. júlí og fer keppnin fram í 11 borgum og bæjum í Malepolska héraðinu í Póllandi. Búist er við um 7.000 keppendum frá 48 þjóðum og verður keppt í 29 íþróttagreinum á leikunum.

Staðfest að eftirtaldir keppi fyrir Íslands hönd á leikunum:

- Hákon Þ. Svavarsson – skeet (skotíþróttir)
- Marín Aníta Hilmarsdóttir – sveigbogi (bogfimi)
- Davíð Bjarni Björnsson og Kristófer Darri Finnsson – tvíliðaleikur í badminton
- Ingibjörg Grétarsdóttir – taekwondo -57 kg
- Andri Nikolaysson Mateev, Gunnar Egill Ágústsson og Sævar Baldur Lúðvíksson – skylmingar

Að auki vann Guðlaug Edda Hannesdóttir sér inn keppnisrétt á leikunum en getur því miður ekki nýtt hann vegna meiðsla.

Endanlegur hópur með þjálfurum og fararstjórn verður staðfestur á næsta fundi framkvæmdastjórnar.

Evrópubíkar í frjálsíþróttum fer fram í Póllandi, sem hluti af Evrópuleikunum en mótið er þó rekið utan við skipulag leikanna. Allur undirbúningur, skráning og annað er í höndum Frjálsíþróttasambands Íslands og listi þátttakenda er ekki staðfestur af ÍSí.

6. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru.

7. Heiðranir

Með tilvísun í heimild forseta, sem samþykkt var á síðasta fundi framkvæmdastjórnar, um heiðranir til fráfarandi stjórnarfólks ÍSÍ þá eru hér formlega bókaðar eftirfarandi heiðursviðurkenningar sem afhentar voru við þingslit 76. Íþróttapings ÍSÍ, 6. maí sl.:

- Gunnar Bragarson fráfarandi gjaldkeri var sæmdur Heiðurskrossi ÍSÍ.
- Knútur G. Hauksson fráfarandi meðstjórnandi var sæmdur Heiðurskrossi ÍSÍ.
- Ingi Þór Ágústsson fráfarandi meðstjórnandi var sæmdur Gullmerki ÍSÍ.

8. Fundargerðir

Engar fundargerðir lágu fyrir fundinum.

9. Næstu fundir

Samþykkt að halda hefðbundnum tíma framkvæmdastjórnarfunda óbreyttum, þ.e. fimmtudagar kl. 16:00. Boðið er upp á að sækja fundina á Teams en lögð er áhersla á hefðbundna mætingu, ef þess er nokkur kostur. Stjórnin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði. Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 15. júní n.k.

Viðar Garðarsson lagði áherslu á að reynt verði að koma á vinnufundi stjórnar sem fyrst.

10. Önnur mál

Aðalfundur ENGSO

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir skýrði frá aðalfundi ENGSO, sem hún og Ragnhildur Skúladóttir sviðsstjóri Fræðslu- og almenningsíþróttasviðs ÍSÍ sóttu. Fundurinn var haldinn á Kít 12. og 13. maí sl. Kolbrún Hrund skýrði frá helstu málaflokkum fundarsins en fjallað var m.a. um málefni fatlaðs fólks, málefni hinsegin fólks, kynjajafnrétti, o.fl.

Afreksstjóri ÍSÍ

Í ljósi þess breytinga á framkvæmdastjórn ÍSÍ þá rifjaði forseti upp forsöguna að ráðningu Vésteins Hafsteinssonar í nýja stöðu afreksstjóra ÍSÍ.

Stefnt er að því að fá Véstein Hafsteinsson afreksstjóra ÍSÍ fljótlega inn á fund stjórnar til að upplýsa um þá vinnu sem er í gangi gagnvart afreksmálum og áætlanir þar að lútandi.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.

Íslenski hópurinn á Smáþjóðaleikunum á Möltu 2023

BORÐTENNIS

Ingimar Ingimarsson	flokksstjóri
Aldís Rún Lárusdóttir	þjálfari
Ingí Darvis Rodriguez	keppandi
Magnús Gauti Úlfarsson	keppandi
Nevena Tasic	keppandi
Sól Kristínardóttir Mixa	keppandi

FRJÁLSÍÞRÓTTIR

Íris Berg Bryde	flokksstjóri
Alberto Borges Moreno	þjálfari
Gunnar Guðmundsson	þjálfari
Jón Bjarni Bragason	þjálfari
Anthony Vilhjálmur Vilhjálmsson	keppandi
Arnar Pétursson	keppandi
Birna Kristín Kristjánsdóttir	keppandi
Ísak Óli Traustason	keppandi
Elín Sóley Sigurbjörnsdóttir	keppandi
Glódís Edda Þuríðardóttir Hjaltadóttir	keppandi
Ingibjörg Sigurðardóttir	keppandi
Ingvi Karl Jónsson	keppandi
Íris Anna Skúladóttir	keppandi
Ívar Kristinn Jasonarson	keppandi
Kristófer Þorgrímsson	keppandi
Örn Davíðsson	keppandi
Sæmundur Ólafsson	keppandi
Sindri Lárusson	keppandi
Þórdís Eva Steinsdóttir	keppandi

JÚDÓ

Þormóður Jónsson	flokksstjóri
Zaza Simonishvili	þjálfari
Aðalsteinn Karl Björnsson	keppandi
Árni Lund	keppandi
Egill Blöndal	keppandi
Gísli Fannar Egilsson	keppandi
Helena Bjarnadóttir	keppandi
Karl Stefánsson	keppandi
Kjartan Logi Hreiðarsson	keppandi
Romans Psenicnijs	keppandi
Skarphéðinn Hjaltason	keppandi
Weronika Kommandera	keppandi

SIGLINGAR

Markús Elvar Pétursson	flokksstjóri
Hörður Elís Finnbogason	þjálfari
Ísabella Sól Tryggvadóttir	þjálfari
Hólmfríður Kolbrún Gunnarsdóttir	keppandi

Hrafnkell Stefán Hannesson	keppandi
Kjartan Christiansson	keppandi
Sigurður Haukur Birgisson	keppandi
Veronika Sif Ellertsdóttir	keppandi

SKOTFIMI

Ómar Örn Jónsson	flokksstjóri
Bjarki Sigfússon	keppandi
Guðmundur Helgi Christensen	keppandi
Íris Eva Einarsdóttir	keppandi
Ívar Ragnarsson	keppandi
Jórunn Harðardóttir	keppandi
Kristína Sigurðardóttir	keppandi
Pétur Tyrfingur Gunnarsson	keppandi
Þórir Kristinsson	keppandi

SKVASS

Leifur Grétarsson	flokksstjóri
Kristinn Jóhannsson	þjálfari
Atli Hjaltested	keppandi
Björn Hrannar Björnsson	keppandi
Gústaf Smári Björnsson	keppandi
Halldór Fannar Halldórsson	keppandi
Matthías Jónsson	keppandi

SUND

Ingibjörg Helga Arnardóttir	flokksstjóri
Björn Sigurðsson	flokksstjóri
Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir	þjálfari
Eyleifur Ísak Jóhannsson	þjálfari
Hrafnhildur Lúthersdóttir	þjálfari
Hlynur Sigurðsson	sjúkraþjálfari
María Helga Högnadóttir	samfélagsmiðlar
Högni Björn Ómarsson	samfélagsmiðlar
Sarah Catherine Ruth Buckley	dómari
Tómas Gísli Guðjónsson	dómari
Anton Sveinn McKee	keppandi
Aron Þór Jónsson	keppandi
Bergur Fáfnir Bjarnason	keppandi
Birgitta Ingólfssdóttir	keppandi
Birnir Freyr Hálfðánarson	keppandi
Daði Björnsson	keppandi
Eva Margrét Falsdóttir	keppandi
Freyja Birkisdóttir	keppandi
Guðmundur Leo Rafnsson	keppandi
Hólmar Grétarsson	keppandi
Jóhanna Elín Guðmundsdóttir	keppandi
Katja Lilja Andriysoóttir	keppandi
Kristín Helga Hákonardóttir	keppandi
Símon Elías Statkevicius	keppandi

Snæfríður Sól Jórunnardóttir
Snorri Dagur Einarsson
Steingerður Hauksdóttir
Vala Dís Cicero
Veigar Hrafn Sigbórsson
Ylfa Lind Kristmannsdóttir
Ýmir Chatenay Sölvason

keppandi
keppandi
keppandi
keppandi
keppandi
keppandi
keppandi

TENNIS

Jón Axel Jónsson
Andri Jónsson
Anna Soffía Grönholm
Anton Jihao Magnússon
Vladimir Ristic
Sofia Sóley Jónasdóttir

flokksstjóri
þjálfari
keppandi
keppandi
keppandi
keppandi

Frá ÍSí

Lárus L. Blöndal
Olga Bjarnadóttir
Úlfur Helgi Hróbjartsson
Hildur Karen Aðalsteinsdóttir
Andri Stefánsson
Brynja Guðjónsdóttir
Kristín Birna Ólafsdóttir
Vésteinn Hafsteinsson
Halla Kjartansdóttir
Sigríður Unnur Jónsdóttir
Arnar Sigurðsson
Örnólfur Valdimarsson
Hafrún Kristjánsdóttir
Jóhannes Már Marteinsson

forseti ÍSí
framkvæmdastjórn ÍSí / fulltrúi í tækninefnd GSSE
framkvæmdastjórn ÍSí
framkvæmdastjórn ÍSí
framkvæmdastjóri ÍSí
aðalfararstjóri
aðstoðarfararstjóri
aðstoðarfararstjóri
aðstoðarfararstjóri
samfélagsmiðlar
læknir
læknir
sálfræðingur
sjúkrapjálfi